

Dreifibréf til sveitarfélaga, forráðamanna  
fyrirtækja í sorphirðu og annarra sem málið varðar.

Reykjavík, 15. ágúst 2018  
Tilvísun: 201808-0070/3.02.00

### Pressugámar

Í kjölfar vinnuslyss við notkun pressugáms við sorphirðu vill Vinnueftirlitið koma eftirfarandi á framfæri.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum og felur það m.a. í sér að gert sé sérstakt áhættumat. Í áhættumatinu skal sérstaklega fara yfir störf við notkun tækja og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

Atvinnurekandi skal m.a. tryggja:

- Að farið sé eftir leiðbeiningum frá framleiðanda pressugáms, m.a. um uppsetningu og notkun.
- Að gengið sé þannig frá pressugámum að ekki sé hætt á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Hæð aðgangshindrana/handriða skal ná 110 cm.
- Að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og kennslu við að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af.
- Að ekki eigi sér stað ótímabær gangsetning. Til að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu véla hafa mörg fyrirtæki komið sér upp sérstöku kerfi. Dæmi um slíkt kerfi er Læsa – Merkja – Prófa/Staðfesta (lockout/tagout). Í því felst að hver starfsmaður fyrirtækisins sem vinnur við vél skal læsa henni með sínum persónulega lás.

**Sérstök athygli er vakin á því að óheimilt er fyrir ungmenni undir 18 ára aldri að vinna við sorppressur.**

*Lög, reglugerðir og reglur:*

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980.

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006

Reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006.

Reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999.

Reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995

Staðall ÍST EN ISO 14122-3 „Öryggi véla – varanlegar aðgönguleiðir að vélum.“

**Vinnueftirlitið hyggst fara í eftirlitsheimsókn í fyrirtæki sem nota pressugáma á næstu mánuðum. Vinna verður undantekningalaust stöðvuð ef öryggisbúnaður pressugáma reynist ekki í lagi.**

F.h. Vinnueftirlitsins

Svava Jónsdóttir  
Sviðsstjóri

Elsa Jónsdóttir  
Lögfræðingur